

Rótarýklúbbur Hafnarfjarðar

Stjórnarskipti 3. júlí 2014

Fráfarandi forseti, fráfarandi stjórn og ágætu rótarýfélagar.

Ég vil byrja á að þakka fyrir það traust sem mér er sýnt með því að fela mér það embætti að taka við sem forseti klúbbsins. Ég mun leggja mig allan fram við að bregðast ekki þessu trausti sem mér hefur verið sýnt.

Með mér í stjórn eru traustir og öflugir félagar og munu þeir án efa gera starf mitt auðveldar. Það er með tilhlökkun sem ég tek að mér að leiða starf næsta starfsárs með þeim sem skipa stjórnina.

Fráfarandi stjórn vil ég þakka einstaklega ánægjulegt samstarf á liðnu ári. Það hefur verið afar gefandi og lærdómsríkt að starfa í síðustu tveimur stjórnnum sem leiddar hafa verið af Jóni Auðunni Jónssyni og Steingrími Guðjónssyni. Það hefur verið mikill metnaður að hafa góð og áhugaverð fundarefni. Vil ég halda þeim metnaði á lofti á komandi starfsári og vonast til þess að félagar verði eins útsjónarsamir að finna góða fyrirlesara með áhugaverð málefni til að deila með okkur.

Ég ætla að byrja á að segja stuttlega frá sjálfum mér og vil biðja stjórnarmenn um að gera það sama þegar ég bið þá um að setjast við borðið. Ég gerðist félagi í Rótarýklúbbi Hafnarfjarðar 21. maí 1987 og eru því liðin 27 ár síðan ég gerðist félagi. Ég er rafmagnstækniþjálfari og með MBA próf í viðskiptafræði með áherslu á fjármál. Er gaflari aftur í ættir, giftur Ásgerði Ingólfssdóttur, en hún var forseti InnerWheel á afmælisári klúbbsins 1996. Við Ágerður eigum þrjú börn.

Ég vil næst biðja nýja stjórnarmenn um að kynna sig og taka sér sæti við stjórnarborðið. Fyrst vil ég biðja Eyjólf Þór Sæmundsson verðandi forseta um að segja stuttlega frá sjálfum sér og taka sér sæti við stjórnarborðið, þá vil ég biðja Bessa Þorsteinsson ritara um að koma, og næst vil ég biðja Víði Stefánsson gjaldkera um að koma og að lokum vil ég biðja Trausta Sveinbjörnsson stallara um að kynna sig stuttlega og setjast við stjórnarborðið.

Alþjóðaforseti Rótarý Gary C.K. Huang frá Tævan hefur kosið að hafa einkunnarorð Rótarý fyrir næsta starfsár „Light Up Rótarý“. Huang varð fyrir hugljómun kínverska heimspekingsins Konfúsíusar sem sagði „það er betra að kveikja á einu kerti en að bölvva myrkrinu“. Gary Huang kynnti þessi einkunnarorð á alþjóðaráðstefnu Rótarý sem haldin var í San Diego í janúar sl. Í ávarpi sínu sagði hann „það eru svo mörg vandamál í heiminum og það eru svo margir sem þurfa á hjálp að halda.

Margt fólk segir það er ekkert sem ég get gert við þessu, svo það situr og gerir ekkert og á meðan verður áfram myrkur. Leið Rótarý er sú sama og Konfúsíus vildi fara. Leið Rótarý er að kveikja á kerti, ég kveiki á einu kerti, þú kveikir á einu kerti, 1,2 milljón rótarýfélaga kveikja á einu kerti og til samans lýsum við upp heiminn. Hvernig við lýsum upp Rótarý er undir hverjum okkar komið“.

Guðbjörg Alfreðsdóttir verðandi umdæmisstjóri lýsti eftir tillögu að þýðingu á þessum einkunnarorðum Huang og úr þeim mörgu tillögum sem bærust varð fyrir valinu tillaga Eiríks H. Sigurðssonar félaga í Rótarýklúbbi Mosfellsbæjar. Einkunnarorð Rótarý á Íslandi fyrir næsta starfsár verða „Vörpum ljósi á Rótarý“ og vonar Guðbjörg að þessi einkunnarorð verði hvatning til félaga að gera starf rótarýklúbba sýnilegra í samfélaginu. Vonast hún til þess að rótarýfélagar verði sýnilegri út á við við að upplýsa hvað Rótarýhreyfingin er að gera og hvað stendur til. Sem lið í því

mun Guðbjörg beita sér fyrir því að Rótarýdagar verði haldnir í öllum klúbbum og sama dagsetning verði fyrir þennan viðburð í öllum klúbbum. Leggur hún til að um verði að ræða a.m.k. eitt samfélagsverkefni hjá hverjum klúbbi og það gert sýnilegt í nærsamfélagi klúbbsins. Hjá Rótarýklúbbi Hafnarfjarðar mun samfélagsnefnd hafa veg og vanda að skipulagi Rótarýdagsins hér í Hafnarfirði. Er ég viss um að félagar í þessum klúbbi muni leggja þessu verkefni lið og hjálpa til við að kynna starf Rótarýklúbbs Hafnarfjarðar.

Önnur áhersluatriði umdæmisins verða fjölgun félaga og stofnun nýrra klúbba. Fjölgun félaga hefur verið eitt af megin áhersluverkefnum undanfarinna ára þar sem Rótarý er stöðugt í samkeppni við önnur félagasamtök og ýmsa afþreyingu. Í dag eru 73 félagar í Rótarýklúbbi Hafnarfjarðar og fjölgaði um einn féлага á síðasta starfsári. Fjöldi félaga á síðustu tíu árum hefur staðið í stað og verið á bilinu 70 til 75 félagar. Meðalaldur félaga í klúbbnum er 63,5 ár og meðalklúbbaldur er 18,3 ár. Fyrir níu árum var meðalaldur félaga 58,9 ár og meðalklúbbaldur 16,5 ár. Á síðustu níu árum hefur meðalaldur í klúbbnum elst um tæp 5 ár. Klúbburinn er stöðugt að eldast. Það er ekkert nema gott um það að segja að félagar eldist í klúbbnum. Eldri félagar eru gulls ígildi. En við þurfum að gera átak í því að fá yngri féлага til liðs við klúbbinn.

Markmið þessa starsárs er að fjölga um tvo féлага í klúbbnum þannig að við verðum 75 félagar í Rótarýklúbbi Hafnarfjarðar við lok þessa starfsárs. Ég vil biðja féлага um að vera vakandi fyrir nýjum kandídötum fyrir Rótarýklúbb Hafnarfjarðar. Ég hvet féлага til að virkja tengslanetið og huga vel að nýjum liðsmönnum. Forsenda þess að fá nýtt fólk til liðs við klúbbinn er að kynna starfsemi klúbbsins og hvers vegna hann er áhugaverður fyrir nýja féлага. Þar reynir á félagana alla. Nokkrir Rótarýklúbbar hafa farið þá leið að vera með kynningarfundir fyrir nýja félagar. Þá taka rótarýfélagar með sér gesti og kynna fyrir þeim hvernig hefðbundinn rótarýfundur fer fram. Stjórn klúbbsins vill gera tilraun með slíkan kynningarfund nú fyrir áramót og er félaganefnd falið að undirbúa hann.

Stjórnin sem nú tekur við hefur átt nokkra fundir til að undirbúa starfsárið. Eitt af megin verkefnum við þennan undirbúning fólst í stefnumótun og gerð starfsáætlunar. Umdæmisstjóri hefur framfylgt stefnu Rotary International þess efnis að allir rótarýklúbbar geri stefnumótun til næstu þriggja til fimm ára. Tilgangur stefnumótun er að skapa framtíðarsýn sem byggir á markmiðum sem hægt er að mæla reglulega og aðlaga. Auk þess er stefnumótun til fimm ára gerð til að auka samfellu og upplýsingaflæði milli stjórna klúbbana, en það hefur oft reynst erfitt þar sem starfsár hverrar stjórnar takmarkast við eitt ár. Þessi nýjung er því skref fram á við og jákvætt fyrir þessa stjórn og stjórnir næstu ára.

Verðandi forseti, ritari og gjaldkeri sóttu vinnufund á vegum umdæmisins þar sem farið var í gegnum aðferðir stefnumótunar. Fyrir fundinn hafði verðandi stjórn á vinnufundi gert fyrstu drög að stefnumótun fyrir klúbbinn. Stefnumótun til fimm ára fyrir Rótarýklúbb Hafnarfjarðar var síðan fullmótuð og skilað til umdæmisins í apríl síðastliðinn. Helstu áhersluatriði til næstu ára verða að;

- a) fjölga félögum í klúbbnum þannig að fjöldi félaga verði á bilinu 75 til 80.
- b) koma á meiri fjölbreytni í starfsheitum
- c) fjölga kvenfólki
- d) vinna áfram að ýmsum samfélagsverkefnum
- e) efla innra starf klúbbsins

Við mótun framtíðarsýnar fyrir klúbbinn var niðurstaða um að eftirfarandi setning lýsir best þeim klúbbsi sem við viljum vera hluti af „*Vaxandi klúbbur með djúpar rætur, sterkt tengslanet, góða ímynd í samfélaginu og býður upp á afar áhugaverð erindi og umræður á hádegisfundum*“.

Eins og áður greinir verður eitt af áhersluatriðum næstu ára að efla innra starf klúbbsins. Með öflugum innra starfi gerum við klúbbinn um leið eftirsóknarverðan fyrir nýja félag. Stjórnin væntir þess að eiga gott samstarf við ferðanefnd og skemmtinefnd um að gera innra starf klúbbsins skemmtilegt. Fjölbreytni í samskiptum utan hefðbundinna klúbbsfunda auka kynni og styrkja tengsl milli félaga. Ársátíð, ferðalög, gönguhópar og heimsóknir til annarra klúbba eru liðir í því að auka við fjölbreytni í innra starfi klúbbsins. Það eru minnisstæð mörg góð ferðalög sem Rótarýklúbbur Hafnarfjarðar hefur staðið fyrir í gegnum árin. Golfmót rótarýklúbba á Íslandi sem haldið var í síðustu viku er gott dæmi um leið til að kynnast félögum annarra klúbba.

Í starfsáætlun klúbbsins fyrir næsta ár er gert ráð fyrir að unnið verður áfram að þeim þjónustuverkefnum sem klúbburinn hefur annast;

- a) Merking gönguleiða (skilti og skífur) í upplandi Hafnarfjarðar
- b) Styrkir til líknarmála
- c) Viðurkenningar til afburðanemenda
- d) Skógrækt í upplandi Hafnarfjarðar
- e) Þátttaka í nemendaskiptum og starfshópaskiptum
- f) Eftirfylgni við Kimberley verkefnið

Stjórnin væntir þess að eiga gott samstarf við þjónustunefndir klúbbsins sem munu koma ofangreindum verkefnum í framkvæmd. Á undanförunum árum hefur klúbburinn lagt verulega að mörkum við merkingu gönguleiða og uppsetningu skilta til leiðbeiningar um áhugaverðar gönguleiðir í bæjarlandinu. Það er mikilvægt að halda þessu starfi áfram og kynna í nærsamfélaginu.

Öflun fjár til Rotary Foundation er eitt af megin viðfangsefnum Rótarý. Eitt af megin gildum hvers rótarýfélaga er að vera hluti af mannbætandi alheimssamtökum. Rótarýklúbbur Hafnarfjarðar hefur verið duglegur að leggja sitt af mörkum. Á síðasta ári var klúbburinn í þriðja sæti yfir þá klúbba hér á landi sem lögð mest í sjóðinn. Í starfsáætlun er gert ráð fyrir að framlög til Rotary Foundation verði 80 til 100 bandaríkjadalir per félag. Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir að 65 dollarar verði innheimtir í föstu mánaðargjaldi og að því til viðbótar komi einstök framlög frá félögum ásamt því að við félagar gauki pening í grísinn góða sem stendur á borði stallara.

Umdæmisþing Rótarý verður að þessu sinni haldið í Garðabæ 10. og 11. október og hefur Rótarýklúbburinn Görðum annast skipulagningu þingsins. Eflaust munu þátttakendur á þinginu eiga fróðlega og skemmtilega daga í Garðabæ. Þingið er opið öllum félögum og er vonast til að sem flestir Rótarýfélagar á landinu mæti á þingið sem verður fræðandi og skemmtilegt að vanda. Opnað hefur verið fyrir skráningu á þingið á heimasíðu Rótarý á Íslandi.

Hefð er fyrir því að stjórn tilkynni á fyrsta fundi starfsársins val hennar á heiðursfélaga komandi starfsárs. Stjórnin hefur ákveðið að Níels Árnason verði heiðursfélagi Rótarýklúbbs Hafnarfjarðar starfsárið 2014 til 2015.

Heimasíða klúbbsins er góður vettvangur til að koma á framfæri upplýsingum um starf klúbbsins. Vefnefnd sér um að viðhalda vefsíðu klúbbsins og koma þangað inn upplýsingum sem tengjast

klúbbum og starfsemi hans. Hvet ég nefndarmenn að koma upplýsingum og ljósmyndum til vefnefndar um atburði sem eiga erindi á heimasíðuna. Þannig nýtum við best heimasíðuna til að koma á framfæri fréttum úr starfi klúbbsins ásamt upplýsingum til klúbbfélaga. Vil ég sérstaklega biðja formenn nefnda að koma tímanlega upplýsingum um fyrirlesara til forseta svo hægt verði að uppfæra heimasíðu klúbbsins með upplýsingum um fundarefni tímanlega. Heimasíða klúbbsins er ágæt kynning út á við og er tilvanin til að kynna starfsemina fyrir hugsanlega nýjum félögum.

Fjölbreytt og fræðandi fundarefni er eitt af hornsteinum í starfsemi klúbbsins. Við höfum að markmiði að hafa góða fyrirlesara sem miðla af djúpri þekkingu sinni á hinum ýmsum sviðum atvinnulífs og þjóðmála. Að vera í Rótarý er eins og að gefa og þiggja. Það er því mikilvægt að hver og einn rótarýfélagi leggi metnað sinn í að fá á fundi áhugaverða fyrirlesara. Þannig munum við allir félagar njóta þess enn betur að sækja fundi í klúbbum.

Handbókin okkar góða er tilbúin og geta félagar nálgast hana á borði stallara. Eins og undanfarin ár hefur Steingrímur haft veg og vanda af prentun bókarinnar og Hallfríður sá um prófarkalestur. Bókin er með hefðbundnu sniði og er þar að finna upplýsingar um féлага með myndum ásamt því að í bókinni eru upplýsingar um skipan féлага í nefndir og hvaða nefnd ber ábyrgð á fundarefni á klúbbfundum. Auk þess er þar að finna hvaða félagi eigi að sjá um 3 mínútna erindi hverju sinni. Í bókinni kemur fram að stjórnin hefur ákveðið að fella niður þrjá fundi í sumar, það eru fundirnir 24 og 31 júlí og 7 ágúst.

Fyrirkomulag nefnda er með hefðbundnu sniði. Leitast hefur verið við að velja reyndari féлага sem formenn nefnda en um leið reynt að virkja yngri féлага í störfum fyrir klúbbinn.

Ágætu rótarýfélagar og gestir.

Framundan er spennandi starfsár hjá nýrri stjórn og klúbbfélögum öllum. Við treystum á hvern klúbbfélag að gera starfið öflugt og ánægjulegt, þannig gerum við góðan klúbb enn betri og látum gott af okkur leiða. Í sameiningu vörpum við ljósi á Rótarý.

Nú mun gjaldkeri, Víðir Stefánsson gera grein fyrir fjárhagsáætlun næsta árs.

J. Pálmi Hinriksson,
forseti Rótarýklúbbs Hafnarfjarðar 2014 - 2015.